



Afgreiðslufundur samgöngustjóra samkvæmt 3. gr. viðauka 2.5 um embættisafgreiðslur samgöngustjóra við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar.

Ár 2023, fimmtudaginn 09. nóvember kl. 09.15 hélt samgöngustjóri Reykjavíkurborgar 8. afgreiðslufund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn í Borgartúni 12-14, 2. hæð, Sjónarhól. Fundinn sátu: Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir, Bjarni Rúnar Ingvarsson og Edda Ívarsdóttir

Fundarritari var Natan Freyr Guðmundsson

Þetta gerðist:

1. Kirkjustræti – stæði fyrir hreyfihamlaða

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði fyrir umferð:

- Að bifreiðastæði við Kirkjustræti 4 verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða

Ofangreind ráðstöfun verði merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra ásamt áorðnum breytingum.

Samþykkt

2. Súðarvogur – gangbraut

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði fyrir umferð:

- Að göngupverun yfir Súðarvog verði merkt sem gangbraut

Ofangreind ráðstöfun verði merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra ásamt áorðnum breytingum.

Samþykkt

Fundi slitið kl. 09.22

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir

Bjarni Rúnar Ingvarsson

Edda Ívarsdóttir



Reykjavíkurborg



TILLAGA

Viðtakandi: Samgöngustjóri

Sendandi: Deild samgangna

Kirkjustræti –stæði fyrir hreyfihamlaða

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði um umferð:

- Að bifreiðastæði við Kirkjustræti 4 verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða.

Ofangreind ráðstöfun verði merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra ásamt áorðnum breytingum.

Greinargerð:

Lagt er til að bílastæði við Kirkjustræti 4 verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða. Borið hefur á því að hóteltgestir í nágrenninu eigi erfitt með aðgengi þar sem skortur er á stæðum fyrir hreyfihamlaða í nágrenninu með góðu aðgengi að húsum við Kirkjustræti.

Samhliða því að umrætt bílastæði verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða verður lokunarslá við Kirkjustræti færð þannig að hægt sé að nýta stæðið án aðkomu Alþingis. Er þessi tillaga unnin í samráði við Alþingi.

Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan verið borin undir og hlotið samþykki af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllst,
Bjarni Rúnar Ingvarsson
Deildarstjóri samgangna



1. yfirlitsmynd merkt með fyrirhuguðu bifreiðastæði fyrir hreyfihamlaða
2. Ljósmynd af fyrirhuguðu bifreiðastæði fyrir hreyfihamlaða





TILLAGA UM GÖNGUÞVERUN YFIR SÚÐARVOG VIÐ NAUSTAVOG

Viðtakandi: Samgöngustjóri

Sendandi: Deild samgangna

Tillaga um gangbraut yfir Súðarvog

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði um umferð:

- Að gönguþverun yfir Súðarvog við Naustavog verði merkt sem gangbraut

Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra ásamt áorðnum breytingum.


Greinargerð:

Nýr leikskóli hefur verið opnaður við Naustavog, sem mun þjóna nýju hverfi í Vogabyggð. Gert er ráð fyrir því að leikskólinn verði með rými fyrir um 100 börn á aldrinum 12 mánaða til 6 ára. Í tengslum við opnun leikskólans er unnið að því að tryggja örugga gönguleið að honum og er þessi tillaga hluti af aðgerðum sem farið verður í til að tryggja öryggi gangandi svo sem stígagerð.

Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan verið borin undir og hlotið samþykki af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllt,
Bjarni Rúnar Ingvarsson
Deildarstjóri samgangna

Hjálagt: 1. Teikning af fyrirhugaðri gangbraut yfir Súðarvog
2. Yfirlitsmynd með fyrirhugaðri gangbraut merktri



1. teikning af fyrirhugaðri gangbraut yfir Súdargöngu



2. Yfirlitsmynd með fyrirhugaðri gangbraut merktri